



## Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti

Starfsmaður skólans skráir tilkynninguna á þar til gert eyðublað og skilar henni til umsjónarkennara.

Viðkomandi starfsmaður beitir íhlutun / skerst í leikinn.

**Umsjónarkennari** notar gátlista Við úrvinnslu vegna tilkynningar um grunur um einelti

**Gátlisti**

**Umsjónarkennari** hefur samband Við alla starfsmenn sem tengjast þolanda og geranda, þ.e. alla Kennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða og starfsfólk í matsal, til þess að láta það vita og óskar eftir því að það fylgist með.

- ✓ Ræðir við þolanda
- ✓ Ræðir við gerendur
- ✓ Leitar upplýsinga hjá starfsfólki
- ✓ Leitar upplýsinga hjá nemendum
- ✓ Ræðir við foreldra þolanda
- ✓ Ræðir við foreldra meints geranda
- ✓ Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn
- ✓ Eineltiskönnun lögð fyrir bekkinn

**Ef um einelti er að ræða þá fer eftirfarandi ferli í gang.**

**Ef einelti hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndarráðs**

- ✓ Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram.
- ✓ Alvarleg einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að þeir hætti eineltinu.
- ✓ Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolanda og geranda.
- ✓ Bekkjárfundir um einelti og samskipti.
- ✓ Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við þolendur, gerendur og foreldra.